

Jorgic gegn Þýskalandi

Dómur frá 12. júlí 2007

Mál nr. 74613/01

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

7. gr. Engin refsing án laga

Refsilögsaga. Túlkun refsheimilda.

1. Málsatvik

Kærandi, Nicola Jorgic (f. 1946), er ríkisborgari Bosníu og Hersegóvínu og af serbneskum uppruna. Á árunum 1969 til 1992 var hann búsettur í Þýskalandi. Árið 1992 fluttist kærandi frá Þýskalandi til fæðingarstaðar síns, Doboj í Bosníu. Þegar hann kom aftur til Þýskalands í desember 1995 var hann handtekinn og ákærður fyrir þátttöku í þjóðarmorðum í Doboj á tímabilinu maí til september 1992. Hann var settur í gæsluvarðhald.

Kærandi var sakfelldur fyrir þátttöku í þjóðarmorði, 22 manndráp og frelsissviptingu. Hann var dæmdur í lífstíðarfangelsi af áfrýjunardómstól í Düsseldorf. Dómstóllinn taldi sig hafa refsilögsögu í málinu þótt brotin væru framin utan Þýskalands. Vísaði hann til þess að slíkt samræmdist stefnu Þýskalands í hernaðar- og mannúðarmálum tengdum Bosníu og Hersegóvínu. Einnig vísaði hann til þess að kærandi hefði verið búsettur í Þýskalandi í rúm 20 ár og hefði verið handtekinn þar. Dómstóllinn taldi reglur á sviði þjóðaréttar ekki því til fyrirstöðu að málið yrði tekið til meðferðar og vísaði til nokkurra alþjóðasáttmála því til stuðnings, þar á meðal sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð frá 1948 og samþykktar um alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu. Dómstóllinn taldi sannað að ásetningur kæranda hefði verið að útrýma hópi múslima á tilteknu svæði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem þýskir dómstólar hefðu ekki haft refsilögsögu í máli hans. Ennfremur hélt hann því fram að sakfelling fyrir þjóðarmorð bryti í bága við 1. mgr. 7. gr. sáttmálans þar sem rúm túlkun þýskra dómstóla á hugtakinu þjóðarmorð ætti sér hvorki stoð í þýskri löggjöf né alþjóðalögum.

Niðurstaða

Að því er varðaði a-lið 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. vísaði Mannréttindadómstóllinn til þess að túlkun þýskra dómstóla á reglum um refsilögsögu í máli kæranda væri viðurkennd bæði samkvæmt lögum og framkvæmd annarra aðildarríkja svo og dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins um efnið.

Niðurstaða dómstólsins var að mál kæranda hefði verið tekið fyrir af dómstól og að skipan hans hefði verið ákveðin með lögum í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Af þessu leiddi að kærandi hefði verið sviptur frelsi með lögmætum hætti í skilningi a-liðar 1. mgr. 5. gr.

Hvað varðaði 7. gr. benti dómstóllinn á að önnur aðildarríki hefðu túlkað hugtakið „þjóðarmorð“ með sambærilegum hætti og þýskir dómstólar. Þá hefði kærandi verið sakfelldur fyrir sérstaklega alvarleg brot sem átt hefðu sér stað á tiltölulega löngu tímabili. Túlkun þýskra dómstóla á hugtakinu í málinu kæranda var því talin samræmast kjarna afbrotsins „þjóðarmorð“ og að hún hefði verið fyrirsjáanleg. Einróma niðurstaða dómstólsins var að sakfelling kæranda fyrir þjóðarmorð bryti ekki í bága við 1. mgr. 7. gr. sáttmálans